



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

RANNSÓKNAÞING NORÐURSINS Í RÚSSLANDI **19.-22. SEPTEMBER 2002**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson setti í morgun Rannsóknafing norðursins (Northern Research Forum) í Novgorod í Rússlandi. Þingið sækja um 200 fulltrúar, einkum frá Norðurlöndum, Rússlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Í setningarfyrirlestri sínum fjallaði forsetinn m.a. um verkefni þjóða á norðurslóðum á nýrri öld og samstarf þeirra á sviðum viðskipta, menningar og umhverfisverndar.

Rannsóknafing norðursins er samstarfsvettvangur vísindamanna og stjórnálmanna á norðurslóðum, allt frá Bandaríkjunum og Kanada í vestri, um Norðurlönd og Eystrasaltslöndin til Rússlands í austri. Forseti Íslands var frumkvöðull að þinghaldinu og það var fyrst kallað saman á Akureyri 2.-4. nóvember árið 2000. Háskólinn á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar eru stjórnunarmiðstöð Rannsóknafings norðursins en þingið er nú haldið í samvinnu við héraðsstjórn, héraðsþing og Háskólann í Novgorod.

Meðal viðfangsefna á Rannsóknafinginu í Novgorod má nefna fyrirlestra og umræður um sameiginlega hagsmuni viðskiptalífsins á norðurslóðum, um mannauð á norðurslóðum, nýjungar í svæðastjórnnum og lærdóma sögunnar, allt frá tímum víkinga til samtíma. Þá munu ungir vísindamenn kynna rannsóknir sínar á sérstökum fundum og fulltrúar um 30 fyrirtækja sem starfa á norðurslóðum fjalla um þróun viðskipta á næstu árum. Auk forseta Íslands munu m.a. þeir Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra og Benedikt Jónsson sendiherra Íslands í Rússlandi flytja erindi á Rannsóknafingi norðursins í Novgorod

19. september 2002